

Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

B.t. Haralds L. Haraldssonar bæjarstjóra

Hafnarfirði, 6. júní 2016

## Umsókn um lóðarstækkun

Undirritaður, f.h. 220 Miðbæjar ehf., kt. 510116-1430 óskar eftir því við Hafnarfjarðarbæ að lóðin Strandgata 26-30 verði stækkuð til vesturs að lóðarmörkum Fjarðargötu 13-15. Umrædd stækkun er alls 356.1 m<sup>2</sup> og er sýnd á meðfylgjandi upprætti ASK arkitekta, dags. 8. Júní 2016

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir lóðirnar Strandgötu 26-30 og Fjarðargötu 13-15 er gert ráð fyrir möguleika á samtengingu milli atvinnuhúsanna sem á lóðunum eru á því svæði sem óskað er eftir að Strandgata 26-30 stækki um.

220 Miðbær er eigandi að Strandgötu 26-30 og vinnur að uppbyggingu á lóðinni sem gerir ráð fyrir verslun og þjónustu á jarðhæð og hóteli/íbúðum á efri hæðum. Með stækkun á lóðinni gefst kostur á að framfylgja markmiðum nágildandi deiliskipulags og búa til öfluga verslunarmiðstöð í hjarta Hafnarfjarðar með samtengingu Fjarðargötu 13-15 og Strandgötu 26-30.

F.h. 220 Miðbæjar ehf.

G. Bjarni Harðarson.

Guðmundur Bjarni Harðarson